# Minnisblað

Til: Íþrótta- og tómstundanefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 5. desember 2022
*Mnr. 2020090001*

ÍSAFJARÐARBÆR

**Minnisblað - staðan á vinnu starfshóps um framtíðarskipulag Torfnessvæðisins**

Starfshópur um framtíðarskipulag Torfnes tók til starfa þann 29. september 2020 og náði ekki að ljúka störfum áður en ný bæjarstjórn tók við vorið 2022. Haldnir voru 3 fundir.

1. fundur haldinn 29. september 2020. Farið var yfir erindisbréf starfshópsins, lagður fram verkefnalisti og eldri gögn af framtíðarsýn Torfnessvæðisins. Lagðar fram hugmyndir íbúa varðandi framtíðarskipulag á Torfnesi sem bárust í gegnum íbúatátt hausið 2022.
2. fundur haldinn 19. október 2020. Farið yfir verkefnalistann og hugmyndir frá nokkrum aðildarfélögum HSV.
3. fundur haldinn 25. maí 2021. Lagðar fram hugmyndir frá einu aðildarfélagi HSV og þarfagreining kláruð.

Næstu skref voru að fá arkitekt á fund nefndarinnar eftir að hann hafði teiknað upp hugmyndir að skipulagi út frá ábendingum íbúa og aðildarfélaga HSV.